

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 13. desember kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 755. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum, Margrét Þormar, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Hverfisgata 65 og 67, breyting á** (01.153.2) Mál nr. SN160236
deiliskipulagi Skjalnr. 5180
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Richards Ólafs Briem, mótt. 17. mars 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 65 og 67 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 28. júlí 2015 síðast br. 21. október 2019 og dags. 26. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 31. maí 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. október 2019. Tillaga var grenndarkynnt frá 12. nóvember 2019 til og með 10. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
- 2. Bræðraborgarstígur 24A, (fsp) hleðslustæði** (01.134.4) Mál nr. SN190706
á lóð Skjalnr. 12190
Jónas Margeir Ingólfsson, Bræðraborgarstíg 24A, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Jónasar Margeirs Ingólfssonar dags. 26. nóvember 2019 um að setja bílastæði/hleðslustæði á lóð nr. 24A við Bræðraborgarstíg, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019.
- 3. Dalhús 82, (fsp) stækka svalir og breyta í** Mál nr. SN190699
sólskála, pallur o.fl. Skjalnr. 14208
Steinn Guðjónsson, Þingvað 21, 110 Reykjavík
Bogi Nils Bogason, Dalhús 82, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Steins Guðjónssonar og Boga Nils Bogasonar dags. 19. nóvember 2019 um að stækka svalir hússins á lóð nr. 82 við Dalhús og breyta í sólskála/viðbyggingu, setja pall út frá sólskála/viðbyggingu og klæða suðurhlíð hússins með hvítri álklaðningu, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019 samþykkt.
- 4. Nýlendugata 29, breyting á deiliskipulagi** (01.131.0) Mál nr. SN190582

610616-1270 ÁÁ 29 ehf., Hagamel 12, 107 Reykjavík
Bjarni Snæbjörnsson, Naustavör 20, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. október 2019 var lögð fram umsókn Bjarna Snæbjörnssonar dags. 26. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 29 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum hússins úr 5 íbúðum í 7 íbúðir, koma fyrir svölum á suðurhlið hússins og koma fyrir lyftu í húsinu, samkvæmt uppdraetti hjá snæ arkitekta dags 26. september 2019 br. 11. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Nýlendugötu 26 og 27, Vesturgötu 42, 44, 44A og 46A og Bakkastíg 2 og 4

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

5. **Síðumúli 24-26, Viðbygging** (01.295.001) Mál nr. BN056923
Skjalnr. 8728

681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við suðurhlið og koma þar fyrir búningaklefa fyrir starfsfólk og opna hjólageymslu undir þaki, sem verður lokað með grindarhliði, við húsið á lóð nr. 24-26 við Síðumúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stækkun vegna viðbyggingar, A rými: 66,9 ferm., 198,7 rúmm. Hjólageymsla undir þaki, B rými: 34,6 ferm., 102,8 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Síðumúla 25, 27 og 28.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

6. **Spítalastígur 10, breyting á deiliskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN190694
Skjalnr. 10082

Bjarni Már Bjarnason, Spítalastígur 10, 101 Reykjavík
490388-1419 Skipulags-,arkitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. nóvember 2019 var lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 20. nóvember 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1 vegna lóðarinnar nr. 10 við Spítalastíg. Breytingin felur í sér skiptingu lóðarinnar, samkvæmt aðaluppdr. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. dags. 29. maí 2018 síðast br. 7. nóvember 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa mótt. 20. nóvember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019 samþykkt.

7. **Fýlshólar 5, (fsp) breyting á notkun** (04.641.5) Mál nr. SN190681
Skjalnr. 11982

Guðfinna Guðnadóttir, Steindórsstaðir, 320 Reykholt
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlið 7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 4. nóvember 2019 um breytingu á notkun íbúðar merkt 01 0102 á neðri hæð hússins á lóð nr. 5 við Fýlshóla úr vinnustofu í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2019.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2019.

8. **Keilufell 15, (fsp) stækkun húss, setja kvist** (06.775) Mál nr. SN190680
Skjalnr. 14203

o.fl.
Birnir Orri Pétursson, Keilufell 15, 111 Reykjavík

700713-0400 Teiknistofan Kvarði ehf., Hringbraut 17, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Birnis Orra Péturssonar dags. 5. nóvember 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 15 við Keilugranda til suðurs, setja kvist á húsið, gera nýja bílgeymslu ásamt geymslu í stað núverandi bílgeymslu og setja þakglugga á húsið, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Kvarða ehf. dags. 28. október 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019.

9. **Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi** (01.171.5) Mál nr. SN190205
Skjalnr. 6844
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. desember 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra deiliskipulagsgögn.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
10. **Lindargata 34-36, (fsp) afmörkun nýs byggingarreits** Mál nr. SN190662
Skjalnr. 6407
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
430615-0840 Alma 101 ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 31. október 2019 ásamt greinargerð dags. 30. október 2019 um afmörkun nýs byggingarreits í bakgarði lóðar nr. 34-36 við Lindargötu fyrir einnar hæðar byggingu sem yrðu um 50 m² að stærð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Völvufell 7A, (fsp) breyting á notkun** (06.832) Mál nr. SN190731
Skjalnr. 13855
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Halls kristmundssonar dags. 9. desember 2019 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 7A við Völvufell úr dagheimili í vistheimili, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 9. desember 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2019 samþykkt.
12. **Norðurstígur 3, Hækka hús - endurnýjun á byggingarleyfi BN053130** (01.132.016) Mál nr. BN057007
Skjalnr. 7802
611211-1390 M3 Capital ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhús og fjölga eignum um tvær íbúðir í húsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg.
Sambærilegt erindi BN053130 var samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017. Erindi fylgir afrit af deiliskipulagi ásamt tilheyrandi skuggavarpi fyrir Norðurstígsreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og minnkað afrit teikningum samþykktum á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og afrit af afsali vegna eigendaskipta dags. 29. nóvember 2019. Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Baldursgata 10, Ofanábygging og svalir** (01.186.107) Mál nr. BN056581
Skjalnr. 6404
Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Ósk Vilhjálmisdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri, klædda bárujárni, ofan á núverandi hús á lóð nr. 10 við Baldursgötu. Einnig er lagður fram skuggavarpuppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi ehf. dags. 14. nóvember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2019 til og með 3. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, formaður húsfélagsins að Baldursgötu 12, dags. 28. nóvember 2019, Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson dags. 1. desember 2019, Friðbjófur Högni Stefánsson, Signý Ósk Davíðsdóttir, Sigurjón Gísli Helgason og Þóra Jónsdóttir dags. 3. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 og er nú lagt fram að nýju. Erindi fylgir afrit í A4 af eldri samþykktum teikningum. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. september 2019. Stækkun: 98,6 ferm., 250,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Urðarstíg 3.

14. **Laugarásvegur 40, Svalir, opnanleg fög,** (01.385.002) Mál nr. BN056655
síkka glugga o.fl. Skjalnr. 14108

550218-1430 BBG ehf., Stórholti 47, 105 Reykjavík

Ari Garðar Georgsson, Bandaríkin, Benedikta Helga Gísladóttir, Bandaríkin,

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja opnanleg fög í valda glugga, setja nýjar svalir og síkka glugga á suðvesturhlið sem og breyta innra skipulagi beggja hæða í húsi á lóð nr. 40 við Laugarásveg. Erindi var grenndarkynnt frá 7. nóvember 2019 til og með 5. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

15. **Salthamrar 1, breyting á deiliskipulagi** (02.293.2) Mál nr. SN190514
 Skjalnr. 14167

Ingólfur Freyr Guðmundsson, Helgamagrastræti 34, 600 Akureyri

Ragnar Þór Ragnarsson, Salthamrar 1, 112 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ingólfs Freys Guðmundssonar dags. 30. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Salthamra. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til að koma fyrir viðbyggingu á suðausturhorni hússins, samkvæmt uppdr. Kollgátu dags. 23. maí 2019. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar. Erindi var grenndarkynnt frá 7. nóvember 2019 til og með 5. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

16. **Stórhöfði 15, (fsp) breyting á notkun 4.** (04.038.8) Mál nr. SN190717
hæðar hússins Skjalnr. 8384

Örn Helgason, Langagerði 120, 108 Reykjavík

580774-0329 Héðinsgata 10 ehf., Langagerði 120, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lögð fram fyrirspurn Arnar Helgasonar dags. 2. desember 2019 ásamt bréfi dags. 26. nóvember 2019 um að breyta skrifstofurými á 4 hæð hússins á lóð nr. 15 við Stórhöfða og millilofti yfir 4. hæð í áfangaheimili með 22-24 herbergjum ásamt studioíbúð, eldhúsi, þvottahúsi, böðum og salernum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019 samþykkt.

17. **Heklureitur - Laugavegur 168 og 170-174,** (01.242) Mál nr. SN190730
nýtt deiliskipulag Skjalnr. 13840

600169-5139 Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 9. desember 2019 um nýtt deiliskipulag fyrir Lóðirnar að Laugavegi 168 og 170-174, Hekllureitur. Í tillögunni felst að lóðinni Laugavegur 170-174 verði skipt í tvennt og vestari hluti hennar verði lóðirnar Laugavegur 170 og 172. Lóðirnar nr. 168 og 172 verði nýttar undir allt að 250 íbúðir. Valkvæð heimild er um að lóðin nr. 168 verði nýtt undir gististarfsemi. Eystri hluti lóðarinnar Laugavegur 170-174 verður Laugavegur 174. Heimilt verðu að auka byggingarmagn á lóðinni, byggja þrjár hæðir ofan á núverandi byggingar og byggja við 3. hæð norðurhliðar núverandi álmu við Laugaveg. Nýju hæðirnar og viðbyggingin eru undir atvinnustarfsemi. Valkvæð heimild er um að nýja byggingarmagnið verði nýtt undir allt að 90 íbúðir. Gert er ráð fyrir sex hæða bílgeymsluhúsi og núverandi byggingar verða nýttar undir atvinnustarfsemi. Á öllum lóðum er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 5. desember 2019.

Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

18. **Vesturlandsvegur/Lambhagavegur, (fsp)** (04.301.2) Mál nr. SN190724
auglýsingaskilti Skjalnr. 6412
Ástþór Sindri Eiríksson, Arnartangi 72, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Ástþórs Sindra Eiríkssonar dags. 4. desember 2019 um að setja auglýsingaskilti við hringtorg sem staðsett er við Vesturlandsveg og Lambhagaveg. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Flugvöllur 106748, nýskráning fjögurra lóða** (01.66) Mál nr. SN190319
Skjalnr. 11372
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lagt fram bréf Isavia ohf. dags. 13. maí 2019 ásamt mæliblöðum dags. í október 2018 og 26. apríl 2019 varðandi nýskráningu fjögurra lóða Isavia ohf. á Reykjavíkflugvelli. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019 samþykkt. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar Þorragötu 24.
20. **Freyjubrunnur 1, Anddyri - yfirbygging -** (02.695.701) Mál nr. BN056897
stoðveggur Skjalnr. 14204
Hrannar Markússon, Sifjarbrunnur 6, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054482 þannig að opnað er inn í hol frá anddyri, uppröðun í eldhúsi, brunahurð sett inn í bílskúr, byggja yfir útsvæði á norðurhorni lóðar og settur er stoðveggur á lóðarmörkum nr. 1 og 3 á lóð nr. 1 við Freyjubrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.
Stækkun B-rýmis : XX ferm. og XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.
21. **Lofnarbrunnur 1-7, breyting á** (05.055.4) Mál nr. SN190647
deiliskipulagi Skjalnr. 12248
540814-0230 Kjarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst annars vegar skýrari framsetning á heimildum á staðsetningu bílastæða á lóð og hins vegar eru skilmálar og ákvæði um byggingarmagn skýrð nánar, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 24. október 2019. Tillaga var grenndarkynnt frá 12. nóvember 2019 til og með 10. desember 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

22. **Rökkvatjörn 2, (fsp) uppbygging á lóð** (05.052.5) Mál nr. SN190720
Skjalnr. 14215
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 3. desember 2019 varðandi uppbyggingu á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Týsgata 8, málskot** (01.181.0) Mál nr. SN190732
Skjalnr. 7233
650705-0410 Gamma ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík
Lagt fram málskot Gamma ehf. dags. 20. nóvember 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 um að setja lyftuhús utan á gafl hússins á lóð nr. 8 við Týsgötu, samkvæmt uppdr. Meter teiknistofu ehf. dags. 8. apríl 2018.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
24. **Urðarbrunnur 84-92, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (05.054.3) Mál nr. SN190678
Skjalnr. 14201
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 11. nóvember 2019 ásamt greinargerð dags. 7. nóvember 2019 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 84-92 sem felst í að fjölga íbúðareiningum í raðhúsunum um eina íbúð, þannig að þær verði 6 talsins í stað 5, án þess að auka byggingarmagn, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 7. nóvember 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2019, á eigin kostnað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:36.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir